

Forsendur í álagningu 2004

Vegna tekjuársins 2003

Ýmsar tölur vegna framtals 2004

Eignarskattur

Eignarskattur er 0,6%. Félög greiða eignarskatt af öllum eignarskattstofni en hjá einstaklingum er fríeignarmark sem hér segir:

hjá einhleypingi	kr. 4.838.000
hjá hjónum/sambúðarfólki	kr. 9.676.000

Um eignarskatt á dánarbú, vegna eigna í árslok á dánarári manns, gilda sömu reglur og um einstaklinga. Eftir það fer eignarskattur á dánarbú eftir reglum sem gilda um félög.

Sérstakur eignarskattur

Sérstakur eignarskattur var felldur niður frá og með gjaldárinu 2003 og er því ekki lengur lagður á.

Eignarskattfrjáls hlutabréf

Hlutabréfaeign, umfram skuldir, er undanþegin eignarskatti, þó að hámarki:

hjá einhleypingi	kr. 1.436.145
hjá hjónum/sambúðarfólki	kr. 2.872.290

Frádráttur vegna hlutabréfakaupa

Frádráttur frá tekjuskattstofni vegna kaupa á hlutabréfum var í síðasta sinn veittur í álagningu 2003. Þessi frádráttarliður er fallinn niður.

Hlutabréfasala

Á allan hagnað af sölu hlutabréfa er lagður 10% fjármagnstekjuskattur.

Skattfrjáls söluhagnaður

Hagnaður af sölu hlutabréfa getur verið skattfrjáls ef uppfyllt eru þrjú skilyrði:

1. að um sé að ræða hlutabréf í staðfestu félagi,
2. að bréfin hafi verið keypt á árunum 1990-96 og
3. að bréfin hafi verið í eigu seljanda í full fjögur ár.

Skattfrjáls söluhagnaður getur mest orðið:

hjá einhleypingi	kr. 367.625
hjá hjónum/sambúðarfólki	kr. 735.250

Hátekjuskattur

Sérstakur tekjuskattur manna, eða hátekjuskattur, er 5%. Hátekjuskattur er ákvarðaður í álagningu en ekki greiddur í staðgreiðslu. Mörk vegna hátekjuskatts eru:

hjá einhleypingi	kr. 4.089.450
hjá hjónum/sambúðarfólki	kr. 8.178.900

Hjá hjónum og samsköttuðu sambúðarfólki er miðað við samanlagðan tekjuskattstofni beggia.

Skathlutfall

Manna: 25,75% tekjuskattur og 12,80% útsvar (landsmeðaltal)

Barna: 6% af tekjum umfram 91.049 (4% tekjuskattur og 2% útsvar)

Lögaðila: 18% tekjuskattur á hlutafélög, dánarbú og protabú, en 26% á sameignarfélög

Gjald í framkvæmdasjóð aldraðra

Gjaldið er kr. 5.576 og er lagt á alla þá sem fæddir eru 1934 eða síðar og hafa tekjuskattstofni sem er hærri en kr. 835.020

Ýmsar tölur

Persónuafsláttur: kr. 321.900, 100% af ónýttum afslætti millifæranlegt hjá hjónum og sambúðarfólki

Sjómannafsláttur: kr. 728 á dag

Hámarksviltun vegna framfærslu námsmanns/ungmennis: Kr. 188.000

Gjaldfærsla á eignasamstæðum: Hámark kr. 250.000

Árleg afskrift bifreiðar (v/rekstrarkostnaðar): Kr. 330.000

Einkennisföt: Metin til tekna á kr. 15.000

Einkennisyfirhafnir: Metnar til tekna á kr. 11.000

Tryggingagjald (almennt) 5,73%

Tryggingagjald v/launa sjómanna á fiskiskipum 6,38%

Iðnaðarmálagjald: 0,08% af heildarveltu, lagt á allan iðnað

Búnaðargjald: 2%

Jofnunargjald alþjónustu: 0,12% af veltu af fjarskiptastarfsemi

Þar sem talað er um sambúðarfólk er bæði átt við mann og konu í óvígðri sambúð og par í staðfestri samvist. Skattlagning samskattaðs sambúðarfólks fer eftir sömu reglum og gilda um hjón.

Barnabatur og vaxtabatur

Sjá dæmi um [útreikning barnabóta](#) eða [útreikning vaxtabóta](#).